

Global Audit hf.
Aðalgötu 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. ágúst 2016

Efni: Staðfestingarbréf vegna árshlutareiknings Aðal lífeyrissjóðsins.

Í tengslum við könnun ykkar á árshlutareikningi Aðal lífeyrissjóðsins fyrir 30.06.2016 staðfesta stjórnendur sjóðsins eftir bestu vitund eftirfarandi:

1. Okkur er ljóst að árshlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.
2. Við staðfestum að árshlutareikningurinn gefi glöggga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé í samræmi við lög og reglur um árshlutareikninga lífeyrissjóða. **Árshlutareikningurinn er án verulegra skekkja og ekki vantar í hann mikilvægar upplýsingar.**
3. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir þeim staðfestingum sem ykkur eru veittar.
4. Við staðfestum að við höfum yfirfarið reikningsskilareglur og matsreglur sem liggja til grundvallar árshlutareikningum. Gætt hefur verið eðlilegrar varúðar við mat á einstökum liðum árshlutareikningsins með tilliti til þekktrar tapsáhættu sem tengist viðskiptum innan tímabilsins eða stöðu á reikningsskiladegi.
5. Það er á ábyrgð stjórnenda að innra eftirlit hafi verið skipulagt, innleitt og viðhaldið, m.a. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir sviksemi og skekkjur og staðfesta að reikningsskilin séu án **verulegra annmarka** eða skorts á upplýsingum.
6. Okkur er ekki kunnugt um atburði sem gætu bent til sviksemi eða vakið grunsemdir um sviksemi og gætu tengst stjórnendum, starfsmönnum eða öðrum aðilum, og haft veruleg áhrif á árshlutareikninginn. Við höfum ekki orðið vör við óvænt atvik eða nein lögbrot starfsmanna eða annarra, m.a. þeirra sem gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti eða gætu haft veruleg áhrif á reikningsskilin.
7. Við höfum séð til þess að allar fjárhagsupplýsingar og önnur gögn sem varða reikningsskilin hafi verið til reiðu auk fundargerða stjórnarfunda sem haldnir hafa verið á tímabilinu frá 1. janúar 2016 til 25. ágúst 2016.
8. Öll viðskipti við tengda aðila koma réttilega fram í árshlutareikningnum.
9. Sjóðurinn hefur staðið við og upplýst um alla gerða samninga sem hafa mikilvæga þýðingu fyrir árshlutareikninginn samkvæmt lögum og settum reikningsskilareglum.
10. Ekki hafa komið upp nein ágreiningsefni við yfirvöld eða eftirlitsaðila né hefur sjóðurinn brotið lög og/eða reglur sem leitt gæti til atburða sem hefðu veruleg áhrif á árshlutareikning sjóðsins og ekki er getið um í árshlutareikningnum.

Comment [SG1]: Þessi setning er mjög ótraust. Það er eins og í árshlutareikningnum séu skekkjur og vanti í hann mikilvægar upplýsingar. Það má lesa ýmislegt út úr þessu og misskilja.

Comment [SG2]: Má misskilja.

11. Allar eignir sjóðsins koma fram í efnahagsreikningi hans. Tilgreindar eignir eru allar til staðar og er sjóðurinn lögformlegur eigandi þeirra. Engin veðbönd hvíla á eignum sjóðsins eða aðrar kvaðir umfram það sem fram kemur í árshlutareikningnum.
12. Allar skuldir og skuldbindingar sjóðsins koma fram í árshlutareikningnum, áfallnar og/eða skilyrtar, þar með talið hvers konar afleiðusamningar. Engar ábyrgðir hafa verið gefnar út fyrir þriðja aðila.
13. Okkur er ekki kunnugt um atburði sem hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags og gætu haft veruleg áhrif á upplýsingar í árshlutareikningnum.
14. Engar skaðabótakröfur, málaferli eða aðrar kröfur, aðrar en þær sem koma fram í árshlutareikningnum, og gætu haft veruleg áhrif á árshlutareikninginn, eru fyrir hendi.
15. Það er mat okkar að erfið ytri rekstrarskilyrði í íslensku efnahagslífi undanfarin ár hafi ekki og muni ekki hafa áhrif á rekstur sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins meta sjóðinn rekstrarhæfan og er árshlutareikningurinn lagður fram á grundvelli þess.
16. Sjóðurinn hefur ekki nein áform um að gera breytingar á starfsemi sinni sem leitt gætu til umtalsverðra breytinga á mati á eigna.
17. Óleiðréttar skekkjur/mismunir, hvort heldur sjálfstæðir eða samanlagðir, eru óverulegir og hafa ekki áhrif á niðurstöðu fjárhagslegra upplýsinga í árshlutareikningnum.

Comment [SG3]: Mjög skrítn setning og varla hægt að fullyrða þetta.

Comment [SG4]: Skil ekki þessa setningu. Varla skekkjur í könnuðu uppgjöri.

Við höfum skýrt ykkur frá:

- Niðurstöðu af mati okkar á sviksemisáhættu og að árshlutareikningurinn innihaldi verulega annmarka vegna sviksemi.
- Niðurstöðu af mati okkar á sviksemisáhættu og mati okkar á því hvort að árshlutareikningurinn innihaldi verulega annmarka vegna sviksemi.
- Upplýsingum eða grun sem við kunnum að hafa um sviksemi sem gæti haft áhrif á sjóðinn og árshlutareikning hans og snertir stjórnendur, starfsmenn sem gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti eða aðra.
- Upplýsingum sem við höfum fengið frá starfsmönnum, fyrrverandi starfsmönnum, greiningaraðilum, eftirlitsaðilum eða öðrum um ásakanir um sviksemi eða grun um sviksemi sem varðað gætu árshlutareikning sjóðsins.

Comment [SG5]: Mér finnst að það ætti frekar að vera þarna „hefðum“ í stað „höfum“, þar sem það liggur engin sviksemi fyrir og því á „höfum“ ekki við.

Comment [SG6]: Er ekki verið að snúa við merkingunni? Það er verið að skýra frá því að árshlutareikningurinn innihaldi verulega annmarka vegna sviksemi.

Comment [SG7]: Almennt finnst mér þessi neðsti kafli skrítn. Hélt að það væri ykkar hlutverk að greina frá og leita eftir sviksemi en ekki stjórnenda og starfsmanna.

Virðingarfyllt,

Aðal lífeyrissjóðurinn

Ari Jónsson, framkvæmdastjóri

Jóna Sveinsdóttir, fjármálastjóri